

Nd.

923. Breytingartillögur

[480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi taka til fasteignaveðlána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlánsstofnunum. Skuldari getur þó undanþegið sig frá ákvæði þessu.

2. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:

Greiðendum lána, er um ræðir í þessari grein, skal gefinn kostur á að fresta greiðslum af þessum lánum skv. ákvæðum þessara laga, enda berist umsókn þar að lútandi fyrir 1. september 1985.

3. Við 5. gr.

a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. komi: kaupgreiðsluvísitölu.

b. 3. mgr. orðist svo:

Sé greiðslumark herra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjalddagafjárhæð.

4. 6. gr. orðist svo:

Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðuð skal við skv. ákvæði 1. mgr. 5. gr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnslu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981 og 3. gr. laga nr. 10/1985. Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.

5. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Greiðendum fullverðtryggðra lána, sem um ræðir í 4. gr. þessara laga, skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) hjá byggingarsjóðum ríkisins á næstu gjalddögum.

Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku. Umsóknir um slíka frestun skulu hafa borist Húsnæðisstofnun fyrir 1. september 1985.